

Efnisyfirlit

STJÓRN OG NEFNDIR 2024 – 2025.....	2
STÖRF STJÓRNAR FLE STARFSÁRIÐ 2024 – 2025	3
VIÐBURÐIR.....	5
RÁÐSTEFNUR	5
NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLUFUNDIR	7
SÉRSTAKIR VIÐBURÐIR / NÁMSKEIÐ	8
STÖRF FASTANEFNDA.....	9
AÐRAR NEFNDIR OG STARFSHÓPAR	10
NÁMSSTYRKJA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR FLE	10
ERLENT SAMSTARF	10
REIKNINGSSKILARÁÐ	11
FÉLAGAR	12
LÖGGILDINGARPRÓF	13

Viðaukar

ÁRSREIKNINGUR FLE 2024-2025

ÁRSREIKNINGUR NÁMSSTYRKJASJÓÐS 2024-2025

Stjórn og nefndir 2024 – 2025

Félagsstjórn

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður
Elín Hanna Pétursdóttir, varaformaður
Pálína Árnadóttir
Sigurður Rúnar Pálsson
Ólafur Gestsson

Námsstyrkjasjóður, stjórn

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður
Arna G. Tryggvadóttir
Jón Sturla Jónsson
Elín Hanna Pétursdóttir, varamaður

Endurskoðandi

Davíð Arnar Einarsson, Grant Thornton

Fastanefndir

Álitsnefnd

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður
Elín Hanna Pétursdóttir, varaformaður
Hólmgrímur Bjarnason
Bryndís Björk Guðjónsdóttir
J. Sturla Jónsson
Margret G. Flóvenz

Reikningsskilanefnd

Þórunn Mjöll Jónsdóttir, formaður
Theodór Ingi Pálmason
Kristján Ari Sigurðsson
Jóhann I. C. Solomon

Endurskoðunarnefnd

Hrafnhildur Helgadóttir, formaður
Níels Guðmundsson
Brynja Dögg Guðjónsdóttir
Ármann Steinar Gunnarsson

Skattanefnd

Steingrímur Sigfússon, formaður
Daníel Jón Guðjónsson
Haukur Páll Guðmundsson
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir

Stjórnskipaðar nefndir

Uppstillingarnefnd

Elín Hanna Pétursdóttir, formaður
Arnar Már Jóhannesson
Ljósbrá Baldursdóttir
Geir Steinþórsson

Skemmtinefnd

Fríða Rúnarsdóttir
Anna Kristín Kristinsdóttir
Þórunn Mjöll Jónsdóttir
Einar Örn Sigurjónsson

Störf stjórnar FLE starfsárið 2024 – 2025

Á starfsárinu var áfram unnið í samræmi við stefnu félagsins sem mótuð var á fyrra starfsári, fyrir árin 2024 – 2026. Stefnuna má finna í heild sinni á heimasíðu FLE. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram: Megintilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna, styðja við faglega þróun og nýliðun stéttarinnar, efla skoðanaskipti og auka sýnileika ásamt því að bæta ásýnd stéttarinnar. Megin markmið félagsins er að eftirsóknarvert sé að vera endurskoðandi og að störf þeirra séu mikils metin í samfélaginu.

Megináhersluatriði félagsins:

- Eftirsóknarvert að vera endurskoðandi
- Hagsmunagæsla
- Fagleg þróun stéttarinnar
- Sýnileiki
- Ásýnd, mikilvægi og virðing
- Félagsstarf

Eftirsóknarvert að vera endurskoðandi

Að auka ásókn í stéttina og endurskoðunarnámið ásamt því að stuðla að nýliðun, þannig að haldið verði í við vöxt viðskiptalífsins og auknar kröfur sem gerðar eru til fagsins, styrkti Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE rannsókn á því hvernig laða megi fleiri að endurskoðunarstörfum og hvernig bæta megi ímynd stéttarinnar.

Eitt af markmiðum sjóðsins er að styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE og nýtast niðurstöður rannsóknarinnar við endurmörkun og markaðssetningu á faginu.

Niðurstöður voru kynntar fyrir félagsmönnum og endurskoðunarfyrtækjum sem hafa nýtt þær í áframhaldandi markaðsstarf. Þetta hefur meðal annars leitt til aukinnar aðsóknar í meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun og fjölgunar þeirra sem hljóta löggildingu.

FLE hefur aukið sýnileika sinn í fjölmiðlum, í fréttum og greinum, og unnið að uppfærslu á heimasíðu félagsins. Fulltrúar FLE hafa mætt í útvarpsviðtöl, tekið þátt í kynningum í háskólum, boðið nemendum í bíó og haldið málstofu um hvernig laða megi að og halda í fólk innan stéttarinnar.

Hagsmunagæsla

Hagsmunagæsla er umfangsmikill þáttur í starfsemi FLE. Félagið á fulltrúa í ýmsum ráðum og nefndum og heldur reglulega fundi með fulltrúum stjórnsýslunnar, þar á meðal ársreikningsskrá, Skattinum, endurskoðendaráði, reikningsskilaráði og ráðuneytinu.

Fundað var m.a. með ráðuneyti og ársreikningsskrá um skilafresti, stærðarmörk ársreikninga og aðra þætti sem tengjast breytingum á lögum um ársreikninga. Þá starfa vinnuhópar innan félagsins um ýmis hagsmunamál, t.d. staðfestingar, breytingar á lögum um ársreikninga og skattamál. Í þessum vinnuhópum sitja félagsmenn með sérþekkingu á viðkomandi málefnum.

Til viðbótar við vinnuhópa koma nefndir, starfsmenn skrifstofu og stjórn að hinum ýmsu hagsmunamálum. Á reikningsskiladegi var sett upp vinnustofa til að safna sama upplýsingum frá félagsmönnum um hvað megi betur fara í lögum um ársreikninga.

FLE hefur einnig komið á framfæri áhyggjum sínum vegna þess að ríkisendurskoðandi, sem er ekki löggiltur endurskoðandi, áritar ársreikninga félaga í meirihlutaeigu ríkisins og að ársreikningskrá tekur þá til skráningar. Félagið telur þetta ekki standast lög og hefur leitað til lögmanns og komið sjónarmiðum sínum á framfæri við fjölmiðla, endurskoðendaráð, ráðuneyti, ársreikningskrá og eftirlitsstofnun EFTA.

Fagleg þróun stéttarinnar

Félagið bauð upp á fjölbreytta viðburði, námskeið, ráðstefnur og erindi. Einnig voru birtar greinar og fréttir á heimasíðu félagsins og í reglulegu fréttabréfi. FLE fylgdist náið með þróun í faginu í gegnum samstarf við NRF.

Á árinu var m.a. haldin námskeið og erindi um áhrif gervigreindar á endurskoðun. Þá átti félagið í samskiptum við háskóla um þróun námsins, þar á meðal um kennslu sem tengist gervigreind og tæknibreytingum, sem munu hafa áhrif á endurskoðun, reikningskil og skattskil framtíðarinnar.

Sýnileiki, ásýnd, mikilvægi og virðing

Unnið var að því að efla sýnileika félagsins bæði út á við og inn á við, meðal annars með reglulegum fréttum á heimasíðu, í fréttabréfi og á samfélagsmiðlum.

Félagið hvatti félagsmenn til að vera virka á miðlum og koma á framfæri efni um stéttina, til að auka athygli á faginu.

Félagsstarf

Góð félagsleg tengsl skipta miklu máli; auðveldara er að byggja upp sterka stétt sem vinnur sem ein heild þegar félagsmenn hittast reglulega.

Á árinu voru haldnir nokkrir viðburðir sem hugsaðir voru til þess að tengja félagsmenn betur saman, þar á meðal sjálfbóðaliðastarf í sumarþáttum í Reykjadal sem vakti mikla athygli, bíóviðburður þar sem félagsmenn sáu the Accountant 2, og jólaball sem þó var fámennt en góðmennt. Árlegt formannaboð var haldið í nóvember, líkt og venja er.

Erlent samstarf

Félagið hefur átt í góðu samstarfi við systurfélög á Norðurlöndum í gegnum aðild að NRF. Í gegnum NRF er tryggð sterk tenging við Accountancy Europe og IFAC. Þetta samstarf er mikilvægt fyrir FLE til að fylgjast með þróun í faginu á Norðurlöndum, í Evrópu og á heimsvísu og hafa áhrif á alþjóðlegar umræður.



Starfsmannamál

Til að styrkja faglegt starf félagsins, sýnileika og hagsmunagæslu var Margret G. Flóvenz ráðin í 20% starf hjá félaginu. Helstu verkefni hennar eru greinaskrif, námskeiðahald, efnisgreining og miðlun faglegs efnis, gerð fyrirmynda og ritun umsagna og ábendinga vegna setningar laga og reglna.

Lokaorð

Traust er einn af hornsteinum sterks samfélags. Störf endurskoðenda gegna lykilhlutverki í að byggja upp traust í viðskiptalífinu. Til þess þarf sterka, samheldna stétt og fagfélag sem er sýnilegt og vinnur ötullega að málefnum félagsmanna.

Saman getum við áorkað miklu og náð framförum stéttinni til hagsbóta.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsmönnum félagsins fyrir afar gott samstarf og félagsmönnum kærlega fyrir framlag þeirra á starfsárinu. Þá vil ég einnig þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður FLE

Viðburðir

Félagið stóð fyrir fjölmörgum viðburðum á árinu sem skiptust í ráðstefnur og námskeið. Líkt og áður voru hinir föstu árlegu viðburðir á sínum stað sem eru haustráðstefna, skattadagur, endurskoðunardagur og reikningsskiladagur. Félagið leggur nú áherslu á að halda reglulega rafræn námskeið á Teams og hélt mörg slík námskeið á starfsárinu. Þátttaka á rafrænum námskeiðum er án undantekninga góð og er ljóst að þetta fyrirkomulag hentar félagsmönnum vel. Rafræn námskeið eru tekin upp og upptökur aðgengilegar þátttakendum eftir námskeiðið sem hefur fallið vel í kramið.

Ráðstefnur

Haldnar voru fjórar stórar ráðstefnur og var þátttakan mjög góð.

Reikningsskiladagur

Föstudaginn 20. september 2024 var haldin ráðstefna um reikningsskil. Ráðstefnan var haldin í Háteig á Grand hóteli Reykjavík en var jafnframt streymt í rauntíma. Gestir í sal voru 53 en þátttakendur í streymi voru 134, samtals 187. Ráðstefnan gaf 3 einingar í flokknum reikningsskil og fjármál. Formaður FLE, Kristrún Helga Ingólfssdóttir, setti ráðstefnuna en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Halldór Ingi Pálsson**, umsjónarmaður með ársreikningaskrá ríkisskattstjóra
Úttektir úr félögum
- **Jóhann I. C. Solomon**, endurskoðandi hjá KPMG
Hvað er að fréttu af alþjóðlegum reikningsskilastöðlum?
- **Valgerður Kristjánsdóttir**, endurskoðandi hjá PwC
Sjálfbærniupplýsingagjöf og staðfesting endurskoðenda á sjálfbærniupplýsingum
- **Davíð Björnsson**, hlutabréfagreining verðbréfamiðlunar Íslandsbanka
Hagnýt notkun ársreikninga við greiningar á fyrirtækjum
- **Unnar Friðrik Pálsson**, endurskoðandi og framkvæmdastjóri FLE
Starfsþættir

Haustráðstefna

Föstudaginn 8. nóvember 2024 var haldin haustráðstefna FLE á Nordica Hótel. Gestir voru 101 talsins. Ráðstefnan gaf samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Allir þátttakendur fengu þrjár einingar í flokknum siðareglur og fagleg gildi og síðan tvær til viðbótar sem fór eftir vali á vinnustofum. Formaður félagsins, Krístrún Helga Ingólfssdóttir, setti ráðstefnuna og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

Sú breyting var á þetta árið að ein vinnustofa, Hvernig á að laða að ungt hæfileikaríkt fólk í endurskoðun?, var skylda fyrir alla félagsmenn. Fjórar vinnustofur voru í boði í heildina og valdi því hver og einn tvær fyrir sig:

- **Vinnustofa 1: Hvernig á að laða að ungt hæfileikaríkt fólk í endurskoðun?**
Valdimar Sigurðsson, doktor í markaðsfræðum og prófessor í markaðsfræði við Háskólann í Rvík, fór yfir niðurstöður úr rannsókn sem hann hefur verið að vinna að fyrir félagið og lagði spurningakönnun fyrir þátttakendur en niðurstöður hennar munu nýtast við áframhaldandi rannsóknarvinnu og stefnumörkun félagsins.
- **Vinnustofa 2: Framfarir gervigreindar**
Brynjólfur Borgar, stofnandi og framkvæmdastjóri DataLab, fjallaði um framfarir gervigreindar; hvaðan hún er að koma og hvert hún er að fara. Binni fjallaði einnig um tækifæri og áskoranir sem þessi nýja tækni færir okkur.
- **Vinnustofa 3: Stefnur og traumar í stjórnarháttum**
Próstur Olaf Sigurjónsson, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, fór yfir nýja strauma og stefnur á sviði stjórnarháttanna fyrirtækja, meðal annars með því að greina frá því hvað hin Norðurlöndin hafa verið að leggja áherslu á þegar kemur að stjórnarháttum.
- **Vinnustofa 4: Virðisaukaskattur**
Jón Arnar Baldurs, aðjúnktur við Háskóla Íslands og löggiltur endurskoðandi, fór yfir ýmis atriði varðandi virðisaukaskatt en megin áhersla var á frjálsa og sérstaka skráningu og atriði sem varða innskattsfrádrátt.

Skattadagur

Föstudaginn 17. janúar 2025 var árleg ráðstefna um skattamál haldin á Grand hóteli í Reykjavík í salnum Háteig og var einnig streymt í rauntíma. Skattanefnd sá um undirbúning dagskrár ásamt framkvæmdastjóra. Ráðstefnustjóri var Haukur Páll Guðmundsson, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 3,5 einingar í skatta- og félagarétti. Ráðstefnan var opin og þátttakendur urðu 207 talsins, af þeim voru 38 í sal en 169 í streymi. Formaður FLE, Krístrún Helga Ingólfssdóttir setti ráðstefnuna en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Nýlegir úrskurðir og dómar**
Vala Valtýsdóttir, lögmaður Lögfræðistofu Reykjavíkur, fór yfir áhugaverða úrskurði og dóma
- **Af borði Ríkisskattstjóra**
Elín Alma Arthursdóttir, vararíkisskattstjóri, fór yfir stöðu mála hjá embættinu, helstu breytingar og fleira.
- **Útreikningur skattstofns**
Steingrímur Sigfússon, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir lausn á dæmi um útreikning skattstofns sem þátttakendur fengu sent daginn áður en ráðstefnan hófst.
- **Breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld**
Jón Ingi Ingibergsson, sviðstjóri skatta- og lögfræðiráðgjafar PwC, fór yfir nýjustu skattalagabreytingar.

Endurskoðunardagur

Föstudaginn 23. maí 2025 var haldin ráðstefna um endurskoðun, á Grand hóteli í Reykjavík. Ráðstefnan var haldin í Háteig og var einnig streymt í rauntíma. Þátttakendur voru 135, af þeim voru 38 í sal en 97 í streymi. Ráðstefnan gaf samtals 3,5 einingar í flokknum endurskoðun samkvæmt reglum um endurmenntun. Ráðstefnustjóri var Ármann S. Gunnarsson, endurskoðandi. Elín Hanna Pétursdóttir, endurskoðandi og varaformaður FLE setti ráðstefnuna. Á eftir henni var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Efst á baugi hjá endurskoðendaráði**
Áslaug Árnadóttir, lögmaður og formaður endurskoðendaráðs
- **Sjálfbærnimál á óvissutímum**
Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi hjá KPMG
- **Hver er litur breytinga? Sjálfvirknivæðing og gervigreind**
Hanna Kristín Skaftadóttir, doktorsnemi
- **Niðurstöður löggildingarprófa**
Jón Arnar Baldurs, endurskoðandi og formaður prófnefndar
- **Aðrar staðfestingar**
Margret G. Flóvenz, endurskoðandi

Námskeið og fræðslufundir

Haldin voru tíu námskeið á starfsárinu og voru þau mjög vel sótt.

Yfirferð löggildingarprófa

Námskeiðið var haldið á Grand hóteli þann 10. september 2024 frá 12:30 til 17:30 ári. Prófgerðarmenn fóru yfir og skýrðu lausnir á löggildingarprófi síðasta árs. Þátttakendur voru 48.

Niðurstöður gæðaeftirlits ársins 2023

Hildur Árnadóttir og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir héldu 2 klst. námskeið á Teams þann 19. september 2024 þar sem þær fóru yfir niðurstöður gæðaeftirlits. Þátttakendur voru 64.

Erfðafjármál

Þann 17. október 2024 var haldið Teams-námskeið um erfðafjármál. Á námskeiðinu, sem var 1 klst., fór Guðrún Björg Bragadóttir, verkefnastjóri hjá KPMG, fara yfir skattlagningu dánarbúa og fjallaði almennt um erfðafjármál, svo sem erfðarétt, erfðafjárskatt og skattskil dánarbúa. Þátttakendur voru 110 talsins.

Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár

Halldór Ingi Pálsson og Silja Ísberg frá ársreikningaskrá mættu til okkar hjá FLE þann 14. nóvember 2024 og héldu 1 klst. námskeið á Teams um helstu ástæður þess að ársreikningar uppfylla ekki skilyrði ársreikningalaga. Námskeiðið var afar vel sótt en þátttakendur voru 222.

Fjarvinna milli landa

Á þessu Teams-námskeiði, var 1 klst. og haldið þann 3. desember 2024, fjallaði Guðrún Björg Bragadóttir, verkefnastjóri hjá KPMG, um þau skattalegu álitamál sem upp koma við fjarvinnu erlendis. Í erindinu kom Guðrún Björg einnig inn á innflytjendamál og vinnulöggjöf sem og fasta starfsstöð. Líkt og á öðrum Teams námskeiðum félagsins var þátttaka góð en alls voru 98 skráðir til leiks.

Lánshæfismat fyrirtækja

Á þessu 1 klst. námskeiði, sem haldið var á Teams þann 19. desember 2024, fjallaði dr. Gunnar Gunnarsson, forstöðumaður Greiningar og ráðgjafar hjá Creditinfo, um aðferðafræði Creditinfo þegar kemur að mati á lánshæfi fyrirtækja, hvaða atriði eru mikilvægust við það mat og hvernig það er notað af hinum ýmsu aðilum í atvinnulífinu. Þátttakendur voru á þessu námskeiði voru 77.

Virðisaukaskattur í viðskiptum milli landa

Félagið hélt áfram að bjóða upp á Teams námskeið um skattamál og þann 19. mars 2025 var komið að 2 klst. námskeiði um virðisaukaskatt í viðskiptum milli landa sem Páll Jóhannesson, skattalögfræðingur og einn af eigendum BBA//Fjeldco hélt. Þátttakendur voru 102.

Notkun gervigreindar í reikningsskilum og endurskoðun

Þann 19. mars hélt félagið í fyrsta sinn námskeið á Teams með erlendum fyrirlesara en á 2 klst. námskeiði fjallaði Dr. Joachim Elmegaard fjalla um sjálfvirknivæðingu og notkun gervigreindar í bæði reikningsskilum og endurskoðun. Fyrirlesturinn fór fram á ensku og voru þátttakendur 115.

Hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskil

Árni Claessen og Sæmundur Valdimarsson, endurskoðendur hjá KPMG héldu síðasta námskeið fyrir sumarfrí en það var haldið þann 5. maí. Það var líkt og mörg önnur haldið Teams og voru þátttakendur 100. Á námskeiðinu, sem haldið þeir Árni og Sæmundur fjölluðu þar um ýmis atriði sem varða beitingu hlutdeildaraðferðar og samstæðureikningsskila, tóku fjölmörg dæmi um þau mál og fóru yfir lausnir á dæmum.

Aðgerðir gegn peningþvætti

Námskeiðið var haldið á Teams þann 19. ágúst 2025. Á þessu 2 klst. námskeiði var fjallað um daglegar áskoranir tilkynningarskyldra aðila á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningþvætti en þær geta verið miklar. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Björg Anna Kristinsdóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Jafnframt komu fulltrúar frá Skattinum, þær Lilja Rún Ágústsdóttir og Alexandra Guðjónsdóttir og fjölluðu þær m.a. um áherslur vegna áhættumats á sviði geryðingarvopna. Þátttakendur voru 108 talsins.

Sérstakir viðburðir / námskeið

Spjallstofa fyrir nema

Spjallstofa fyrir nema var haldin 1. október 2024. Unnar Friðrik Pálsson, endurskoðandi og framkvæmdastjóri FLE, sá um reikningsskilahutann, Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðandi hjá ODT um endurskoðunarhlutann og Anna Þóra Benediktsdóttir, endurskoðandi hjá Deloitte um skattahlutann.

Gleðistund

Að loknum reikningsskiladegi 20. september 2024 var gleðistund haldin í salnum Háteig á Grand Hótel. Boðið var upp á léttar veitingar og Gunnar Hansson mætti í gervi Frímans Gunnarssonar og skemmti þátttakendum.



Bíóferð fyrir félagsmenn og maka

Félagsmönnum og mökum þeirra var boðið í bíó þann 8. maí 2025. Farið var á myndina the Accountant 2. Alls mættu 105 á sýninguna.

Tiltektar- og viðhaldsdagur í Reykjadal – Samfélagsleg ábyrgð

Reykjadalur eru sumarbúðir í Mosfellsdal fyrir fötluð börn og ungmenni. FLE lagði sitt af mörkum og fékk með sér góðan hóp af endurskoðendum og samstarfsmönnum þeirra þann 13. maí 2025. Við mættum að morgni og fengum alls kyns verkefni bæði innan- og utandyra. Í hádeginu mætti mættu tveir starfsmenn Hamborgarabúllu Tómasar á svæðið og grilluðu mat ofan í mannskapinn. Mikil ánægja var með daginn hjá þeim sem mættu og sérstaklega hjá starfsfólki Reykjadals sem var óendanlega þakklátt fyrir hjálpinu.



Undirbúningur fyrir löggildingarpróf

Þann 6. júní 2025 var námskeið sem ætlað er nemum, um undirbúning og próftöku löggildingarprófa. Farið var yfir hagnýt atriði er varða undirbúning fyrir löggildingarpróf og hvernig best er að haga vinnubrögðum í prófunum sjálfum. Leiðbeinandi var Eiríkur Kristófersson endurskoðandi. Þátttakendur voru sextán talsins. Flestir mættu í hús til okkar en nokkrir voru í streymi.

Jólaball FLE

Jólaball FLE var haldið laugardaginn 14. desember og tókst mjög vel. Jólasveinarnir, Bjúgnakrækir og Stekkjastaur, mættu á svæðið og gáfu sér góðan tíma til að dansa og spjalla við krakkana.

Eftir dansinn voru veitingar og ilmaði húsið af nýbökðuðum vöfllum, smákökum og heitu súkkulaði.



Störf fastanefnda

Hluta úr árinu voru fimm fastanefndir hjá félaginu; álitsnefnd, endurskoðunarnefnd, menntunarnefnd, reikningsskilanefnd og skattanefnd. Á aðalfundi þann 8. nóvember 2024 var hins vegar samþykkt tillaga stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins um að fella niður menntunarnefnd enda er það hlutverk að fylgjast með endurmenntun endurskoðenda nú hjá endurskoðendaráði en ekki FLE. Starf fastanefnda félagsins fólst á árinu einkum í því að aðstoða við skipulagningu og framkvæmd stóru föstu viðburðanna, þ.e. skattadags, endurskoðunardags og reikningsskiladags. Auk þess á fulltrúi skattanefndar fast sæti í vinnuhópi FLE og Skattsins og reikningsskilanefnd hittir reikningsskilaráð árlega. Engin álit um lagafrumvörp voru send inn á starfsárinu en árið á undan skilaði álitsnefnd einni umsögn.

Aðrar nefndir og starfshópar

Uppstillingarnefnd

Verkefni nefndarinnar er að leggja fram tillögur til aðalfundar um félagsmenn til setu í stjórn og fastanefndum félagsins. Á aðalfundi félagsins 2024 var Uppstillingarnefnd sammála um tillögur og hlutu allir sem tilnefndir voru kosningu án móttframboðs.

Skemmtinefnd

Hlutverk hennar er að koma að viðburðum er snerta félagslíf FLE. Líkt og á fyrri árum hefur eitt helsta verkefni nefndarinnar verið að skipuleggja gleðistund í lok reikningsskiladags og er það mál manna að vel hafi tekist til.

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE

Sjóðurinn var stofnaður árið 2003, en fjárhagur félagsins þótti allgóður á þeim tíma. Lagði stjórn félagsins fram tillögu þess efnis að hluti fjármuna yrði varið í að treysta menntunargrundvöll endurskoðenda með því að veita styrki til framhaldsnáms í endurskoðun og reikningshaldi. Síðar var gert mögulegt að veita styrki til rannsókna á þessu sviði líka.

Markmið Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðsins er að:

- Styrkja bóklega menntun endurskoðenda með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.
- Veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um efnið, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess.

Á árinu var ekki auglýst eftir umsóknum um styrki en á fyrra ári var gerður stór samningur við Valdimar Sigurðsson prófessor og doktor í markaðsfræði um rannsókn fyrir félagið um það hvernig laða megi fólk til starfa við endurskoðun.

Erlent samstarf

Norræna endurskoðendasambandið (NRF)

Norræna endurskoðendasambandið (NRF) var stofnað árið 1931 og telst það vera elstu samtök endurskoðenda í heiminum. FLE varð aðili að sambandinu á árinu 1939. Meginhlutverk NRF er að vera sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna til að vinna að faglegri framþróun á sviði endurskoðunar og einnig að gera yfirvöldum og öðrum í löndunum grein fyrir samfélagslegu mikilvægi endurskoðendastarfsins. Til að styrkja stöðu norræna endurskoðenda þá hefur NRF leitast við að koma fram sem einn aðili fyrir hönd þeirra á alþjóðavettvangi svo sem hjá Evrópusambandi endurskoðenda (Accountancy Europe-ACE) og Alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC). Öllu jöfnu eru haldnir einn til tveir formannafundir á ári svo og ársfundur, sem formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri FLE sækja. Framkvæmdastjórar norrænu félaganna halda einnig reglulega fundi til að ræða málefni endurskoðenda sem og markverða atburði sem varða störf þeirra í hverju landi fyrir sig.

Ársfundur NRF var að venju haldinn árlega í ágúst og var að þessu sinni haldinn í Kaupmannahöfn. Samkvæmt samþykktum NRF eiga þeir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna rétt á setu á fundinum, formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Unnar Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri, Krístrún Helga Ingólfssdóttir, formaður FLE og Elín Hanna Pétursdóttir, varaformaður, sóttu fundinn fyrir hönd FLE.

Megin þema ársfundarins voru fjögur; Gervigreind, sjálfbærnimál, eignarhald fjárfestingarféлага í endurskoðunarfyrirtækjum og hlutverk fagféлага.

Það er alltaf lagður mikill metnaður í ársfundi NRF, bæði dagskrá og afþreyingu. Það voru fjölmargir boðsgestir á ársfundinum auk framkvæmdastjóra, starfsmanna og stjórnarmanna í NRF. Sumir

boðsgestanna héldu stuttar kynningar sem tengdust sjálfbærni og tækni og í framhaldi af þeim var svo skipt í vinnuhópa sem þurftu að svara tilteknum spurningum um viðfangsefnið og kynna sínar niðurstöður.

Meðal fjölmargra boðsgesta voru Lee White, framkvæmdastjóri IFAC og Eelco van der Enden, framkvæmdastjóri Accountancy Europe ásamt fulltrúum frá IESBA (International Ethics Standards Board for Accountants) og fleira háttsettu fólki í heimi endurskoðunar og reikningsskila. Næsti ársfundur verður haldinn á Íslandi í ágúst 2026.

Evrópusamband endurskoðenda (Accountancy Europe)

Evrópusamband endurskoðenda (ACE) er samband endurskoðendafélaga í Evrópu. Innan vébanda þess eru 50 aðildarfélög frá 35 löndum, þar af eru 28 þeirra í Evrópusambandinu. Undir merkjum ACE eru um 1.000.000 félagsmenn. Af þeim eru um 45% starfandi í faginu og veita víðtæka þjónustu til fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Hin 55% félagsmanna eru við ýmis störf í verslun, iðnaði, hjá hinu opinbera og í menntakerfinu.

Eins og áður kom fram, hafa félögin á Norðurlöndum staðið sameiginlega að þátttöku í ACE með því að standa saman að framboði í nefndir á vegum ACE. Þá hefur framkvæmdastjóri NRF á hverjum tíma haft það hlutverk að koma fram fyrir hönd allra félaganna gagnvart ACE.

Accountancy Europe er málsvari fjölda sameiginlegra hagsmunamála endurskoðenda innan Evrópu. Má þar til dæmis nefna sérfræðiálit og samræmingu ýmiss konar sem tengist reikningsskilum, endurskoðun og skattamálum, en það hefur sýnt sig að talsverðan munur er að finna innan þessara málaflokka hjá Evrópuþjóðum

Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC)

IFAC – (The International Federation of Accountants) Alþjóðasamband endurskoðenda var formlega stofnað á ráðstefnu endurskoðenda í München árið 1977. Til IFAC teljast nú 180 félög frá 135 löndum með um 3 milljónir endurskoðenda og sérfræðinga á sviði endurskoðunar og reikningshalds innan sinna vébanda sem ýmist starfa sem endurskoðendur, í háskólaumhverfinu, hjá hinu opinbera eða á hinum frjálsa vinnumarkaði. Stjórn IFAC samanstendur af 21 fulltrúa frá 18 aðildarsamtökum. Margrét Pétursdóttir situr í stjórn IFAC sem fulltrúi NRF og er hún kjörin til þriggja ára eða til ársins 2025. Framkvæmdastjóri er Lee White frá Ástralíu.

Markmið IFAC er að viðhalda sífelldri þróun stéttarinnar og samræma staðla sem endurskoðendur starfa eftir. Með því má tryggja að störf endurskoðenda í þágu samfélagsins verði alltaf í hæsta gæðaflokki.

Til að ná fram markmiðum IFAC starfa ýmsar fastanefndir og vinnuhópar.

Reikningsskilaráð

Reikningsskilaráð er skipað af menningar- og viðskiptaráðherra til fjögurra ára í senn skv. 118. gr. laga nr. 3/2006 og skal stuðla að mótun settra reikningsskilareglna með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað teljast settar reikningsskilareglur á hverjum tíma. Birta skal reglur reikningsskilaráðs í B-deild Stjórnartíðina. Ráðið skal starfa í nánú samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

Í ráðinu eiga sæti:

Jóhanna Á. Jónsdóttir, formaður, tilnefnd af ársreikningaskrá Ríkisskattstjóra
Lárus Finnbogason, endurskoðandi, skipaður án tilnefningar
Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi, tilnefnd af Viðskiptaráði Íslands
Sigurjón Geirsson, endurskoðandi, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins
Sæmundur Valdimarsson, endurskoðandi, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda

Félagar

Félagsmönnum í FLE hefur fækkað um sex frá því í fyrra og er sú fækkun hjá fólki með aukaaðild að félaginu en fjöldi endurskoðenda í félaginu var óbreyttur milli ára. Félagaskrá er að finna á vef FLE.

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) Skipting félagsmanna 31. ágúst 2025			
Félagsmenn FLE	2022-23	2023-24	2024-25
Félagsmenn í heild - endurskoðendur og fólk með aukaaðild	428	427	421
Félagsmenn FLE - endurskoðendur	407	404	404
Karlar	291	288	288
Konur	116	116	116
Hjá endurskoðunarfyrirtæki	207	191	183
Utan endurskoðunarfyrirtækis	200	208	221
Þrjú stærstu endurskoðunarfyrirtækin	133	122	113
Innlögð réttindi	97	95	100
Gjaldfríir	64	60	65
Sundurliðun endurskoðenda eftir kyni			
Karlar hjá endurskoðunarfyrirtæki	145	134	130
Karlar utan endurskoðunarfyrirtækis	146	152	154
Karlar hjá þremur stærstu	83	76	71
Karlar með innlögð réttindi	80	79	85
Karlar gjaldfríir	61	56	60
Konur hjá endurskoðunarfyrirtæki	62	57	53
Konur utan endurskoðunarfyrirtækis	54	56	60
Konur hjá þremur stærstu	50	46	42
Konur með innlögð réttindi	17	16	15
Konur gjaldfríar	3	4	5
Breytingar á árinu - endurskoðendur			
Hættir á árinu	6	8	7
Látnir á árinu	3	8	3
Nýir endurskoðendur	14	11	8
Fólk með aukaaðild	21	23	17
Karlar	16	14	11
Konur	5	9	6

Löggildingarpróf

Endurskoðendaráð afhenti nýútskrifuðum endurskoðendum löggildingarskírteini sín þann 5. desember 2024.

Það voru 15 sem þreyttu prófið í endurskoðun og reikningsskilum og af þeim voru 10 sem stóðust prófið. Þá voru 19 sem þreyttu prófið í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum og 11 manns stóðust það.

Af þeim sem fóru í bæði prófin voru það átta sem stóðust, fimm karlar og þrjár konur og hafa þau öll gengið í félagið. Við óskum nýjum löggiltum endurskoðendum til hamingju með áfangann og bjóðum þau velkomin, en þau eru:

Arnar Leó Guðnason, KPMG
Arnór Kristinn Hlynsson, Deloitte
Björn Axel Guðjónsson, KPMG
Halla Björk Ásgeirsdóttir, KPMG
Helga Ásdís Jónasdóttir, Deloitte
Marteinn Gauti Kárason, KPMG
Sigríður Ósk Ingimundardóttir, Deloitte
Sigurður Þór Kjartansson, ODT



Frá vinstri:

Arnar Leó, Marteinn Gauti, Halla Björk, Sigríður Ósk, Arnór Kristinn, Helga Ásdís, Sigurður Þór og Björn Axel.

Félag löggiltra endurskoðenda

Ársreikningur starfsárið

1. september 2024 til 31. ágúst 2025

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..	3	Yfirlit um sjóðstreymi	9
Áritun óháðs endurskoðanda	5	Upplýsingar um mikilvægar reikningskilaað- ferðir og aðrar skýringar	10
Rekstrarreikningur	7		
Efnahagsreikningur	8		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið

Félag löggiltra endurskoðenda (skammstafað „FLE“) er félag endurskoðenda og annarra sem starfa við endurskoðun. Tilgangur félagsins er margþættur og felst m.a. í hagsmunagæslu fyrir endurskoðendur, því að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna með námskeiðshaldi og upplýsingamiðlun, að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi og að stuðla að gagnkvæmum kynnum þeirra á meðal. Heildarfjöldi félagsmanna í lok reikningsársins 31. ágúst 2025 var 422 (31.8.2024: 427), þar af voru 304 félagsmenn með virk réttindi sem endurskoðendur (31.8.2024: 309).

FLE flokkast sem óskattskyld félagasamtök og er félagið ekki rekið í hagnaðarskyni.

Rekstur félagsins og afkoma á reikningsárinu

Rekstrartekjur

Tekjustraumar félagsins eru tveir, annars vegar félagsgjöld en hins vegar tekjur af ráðstefnu- og námskeiðshaldi. Félagsgjöld á reikningsárinu námu 48.135.000 kr. samanborið við 49.070.000 kr. á fyrra ári og lækkuðu því um 1,9% milli ára. Árgjöld félagsmanna voru óbreytt milli ára. Tekjur af námskeiðshaldi námu 31.588.000 kr. sem er lækkun um 3,2% milli ára. Á móti kemur að kostnaður við námskeið lækkaði verulega. Ástæðan er sú að fleiri námskeið en áður eru nú eingöngu í boði í streymi og því sparast kostnaður við salarleigu og veitingakaup.

Rekstrargjöld

Veigamestu útgjaldaliðir félagsins eru, auk launa- og launatengdra gjalda, húsaleiga og kostnaður af ráðstefnu- og námskeiðshaldi ásamt kostnaði við erlent samstarf en félagið er aðili að norræna endurskoðunarsambandinu (NRF), evrópska endurskoðunarsambandinu (Accountancy Europe) og alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC). Launakostnaður lækkaði um 3,7% milli ára, þrátt fyrir að í byrjun maí hafi verið ráðinn nýr starfsmaður til félagsins í 20% starfshlutfall, því á fyrra ári var launakostnaður hærri en ella hefði verið vegna framkvæmdastjóraskipta og skörunar á launakostnaði. Húsnæðiskostnaður félagsins hækkaði milli ára en húsaleigusamningur félagsins er verðtryggður.

Afkoma ársins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu gjöld umfram tekjur 7.825.498 kr. á rekstrarárinu en á fyrra rekstrarári námu gjöld umfram tekjur 4.277.917 kr. Taprekstur ársins skýrist að stærstum hluta af aðkeyptri lögfræðipjónustu en einnig féll til kostnaður við nýja heimasíðu sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin fyrir árslok.

Lögfræðikostnaður

Eins og greint var frá í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í ársreikningi fyrra árs þá ákvað félagið sumarið 2024 að leita til lögmannsstofu til að fá álit á því hvort það stæðist að ríkisendurskoðandi, sem er ekki löggiltur endurskoðandi, áritaði ársreikninga. Eins og gefur að skilja hafði gerð lögfræðialits töluverðan kostnað í för með sér fyrir félagið en félagið taldi óhjákvæmilegt að fara þessa leið vegna þess hversu miklu þetta varðar fyrir stétt endurskoðenda. Í skýringu nr. 6 í ársreikningnum er að finna nánari umfjöllun um lögfræðialitið, niðurstöður og stöðu málsins.

Heimasíða

Á árinu gerði félagið samning við núverandi þjónustuaðila sinn um smíði á nýrri heimasíðu. Stefnt er að því að ný heimasíða verði tilbúin fyrir árslok 2025. Auk þess sem útlit og virkni heimasíðunnar verður betra en á núverandi heimasíðu þá verður sú nýja farsíma- og spjaldtölvuvæn.

Rekstrarhorfur

Stjórn og framkvæmdastjóri eru mjög meðvituð um að félagið er rekið fyrir aðildar-, ráðstefnu- og námskeiðsgjöld félagsmanna og að það beri að fara vel með það fé.

Eins og fram kemur að framan féllu óvenjulegir útgjaldaliðir til á rekstrarárinu. Að óbreyttu er gert ráð fyrir afkomubata á næsta rekstrarári.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. september 2024 til 31. ágúst 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík 30. október 2025

Stjórn:

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Elín Hanna Pétursdóttir

Pálína Árnadóttir

Sigurður Rúnar Pálsson

Ólafur Gestsson

Framkvæmdastjóri:

Unnar Friðrik Pálsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2024 til 31. ágúst 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á starfsárinu, efnahag þess 31. ágúst 2025 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenta mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Eftirfarandi atriði voru einnig hluti af endurskoðun okkar:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar.

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er áttundi ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Grant Thornton
Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi
Reykjavík 30. október 2025

Rekstrarreikningur 1. september 2024 - 31. ágúst 2025

	2024-2025	2023-2024
Rekstrartekjur		
Félagsgjöld	48.135.000	49.070.000
Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi	31.588.000	32.643.500
Aðrar tekjur	300.449	340.275
3	<u>80.023.449</u>	<u>82.053.775</u>
Rekstrargjöld		
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	4 49.105.857	50.978.412
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5 3.468.987	4.330.966
Ráðningarkostnaður við framkvæmdastjóranskipti	0	2.232.000
Aðkeypt lögfræðipjónusta	6 5.718.260	0
Húsnæðiskostnaður	7 7.770.191	6.782.466
Kostnaður við ráðstefnur, námskeið og aðalfund	8 6.260.498	10.563.432
Félagsstarf	9 3.802.883	2.516.674
Upplýsingamiðlun og markaðsmál	10 3.123.943	1.705.058
Kostnaður við nýja heimasíðu	11 1.913.684	0
Erlent samstarf	12 8.629.132	10.212.048
	<u>89.793.435</u>	<u>89.321.056</u>
Rekstrartap	(9.769.986)	(7.267.281)
Fjáreignatekjur	<u>1.944.488</u>	<u>2.989.364</u>
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu.....	<u>(7.825.498)</u>	<u>(4.277.917)</u>

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2025

Eignir	Skýr	31.8.2025	31.8.2024
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	13	2.746.500	615.800
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur	14	5.043.000	2.348.222
Handbært fé		<u>27.174.190</u>	<u>40.172.657</u>
Eignir samtals		<u><u>34.963.690</u></u>	<u><u>43.136.679</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15	<u>30.018.254</u>	<u>37.843.752</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>4.945.436</u>	<u>5.292.927</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>34.963.690</u></u>	<u><u>43.136.679</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1. september 2024 - 31. ágúst 2025

	2024-2025	2023-2024
Rekstrarhreyfingar:		
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu	(7.825.498)	(4.277.917)
Rekstartengdar eignir, hækkun	(7.825.498)	(4.277.917)
Rekstartengdar skuldir, (lækkun) hækkun	(4.825.478)	(128.055)
	(347.491)	1.272.191
Handbært fé til rekstrar	(12.998.467)	(3.133.781)
Breyting á handbæru fé	(12.998.467)	(3.133.781)
Handbært fé í byrjun rekstrarársins	40.172.657	43.306.438
Handbært fé í lok rekstrarársins	27.174.190	40.172.657

Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

1. Félagið

Félag löggiltra endurskoðenda (skammstafað „FLE“) er félag endurskoðenda og annarra sem starfa við endurskoðun. Tilgangur félagsins er margþættur og felst m.a. í hagsmunagæslu fyrir endurskoðendur, því að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna með námskeiðshaldi og upplýsingamiðlun, að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi og að stuðla að gagnkvæmum kynnum þeirra á meðal. Félagið er óskattskytt og er ekki rekið í hagnaðarskyni.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fleiri liðir eru nú sérgreindir í rekstrarreikningi en á fyrra ári og hefur framsetningu samanburðarfjárhæða verið breytt til samræmis við það. Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst.

Rekstrartekjur

Félagsgjöld eru færð til tekna með jöfnum hætti á reikningsárinu. Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðshaldi eru færðar þegar viðkomandi ráðstefna eða námskeið hefur verið haldið.

Rekstrargjöld

Gjöld eru færð eftir því sem þau falla til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

3. Rekstrartekjur

Félagsgjöld greinast þannig:

	2024-2025	2023-2024
Fullt gjald	44.850.000	45.400.000
Hálft gjald	2.175.000	2.325.000
Inntökugjald	510.000	825.000
Aukaaðild	600.000	520.000
	<u>48.135.000</u>	<u>49.070.000</u>

Endurskoðendur með virk réttindi greiða fullt félagsgjald. Þeir sem lagt hafa inn réttindi greiða hálft félagsgjald. Inntökugjald greiða félagsmenn sem luku löggildingarprófum á yfirstandandi rekstrarári og nemur það helmingi af fullu gjaldi. Félagsmenn 70 ára og eldri greiða ekki félagsgjald. Gjald þeirra sem eru með aukaaðild er 1/5 hluti af fullu gjaldi.

Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi greinast þannig:

	2024-2025	2023-2024
Ráðstefnur	20.253.500	20.328.000
Námskeið	11.334.500	12.315.500
	<u>31.588.000</u>	<u>32.643.500</u>

Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar, frh.

4. Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:

	2024-2025	2023-2024
Laun	38.542.120	39.494.600
Áfallið orlof, breyting	282.235	464.382
Bifreiðastyrkur	1.372.800	1.495.200
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.237.664	5.770.082
Tryggingagjald	2.865.000	2.967.210
Önnur launatengd gjöld	408.838	206.688
Annar starfsmannakostnaður	397.200	580.250
	<u>49.105.857</u>	<u>50.978.412</u>

Hjá félaginu starfa tveir starfsmenn í fullu starfi en þriðji starfsmaðurinn var ráðinn í 20% starfshlutfall þegar fjórir mánuðir voru eftir af rekstrarárinu. Stöðugildi í lok rekstrarárs eru því 2,2 samanborið við 2,0 í lok fyrra rekstrarárs.

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2024-2025	2023-2024
Ritföng, pappír og prentun	10.242	73.636
Símakostnaður	213.725	258.622
Aðkeyptur akstur	0	13.700
Tryggingar	181.307	85.781
Smááhöld og viðhald	0	934.370
Kostnaður vegna stjórnar og nefnda og annar fundarkostnaður	1.069.894	1.518.054
Bankakostnaður	156.121	164.747
Tímarit og áskriftir	287.754	172.521
Endurskoðun	868.000	746.250
Styrkir	100.000	0
Ýmis annar kostnaður	581.944	363.285
	<u>3.468.987</u>	<u>4.330.966</u>

6. Aðkeypt lögfræðipjónusta

Á árinu aflaði félagið sér ítarlegs lögfræðilíts um lögmæti þeirrar ákvörðunar ársreikningaskrár að skrá samstæðureikning Isavia ohf. með lögformlegum hætti án þess að hann sé áritaður um endurskoðun af löggiltum endurskoðanda heldur ríkisendurskoðanda sem ekki hefur hlotið löggildingu til endurskoðunarstarfa. Er niðurstaða álitsins sú að áritun ríkisendurskoðanda fyrir hönd Ríkisendurskoðunar sem stofnunar á samstæðureikninginn, sé andstæð lögum nr. 3/2006, sem og lögum nr. 94/2019 og því sé áritun ríkisendurskoðanda markleysa að lögum. Ársreikningaskrá hafnaði beiðni félagsins um að fella ársreikninginn af skrá án þess að taka efnislega ákvörðun í málinu. Í framhaldinu sendi félagið Atvinnuvegaráðuneytinu bréf þar sem farið var á leit við ráðuneytið að það ógilti þá ákvörðun ársreikningaskrár að færa ársreikning og samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2024 á skrá og til opinberrar birtingar og taka erindi FLE til efnislegrar meðferðar. Jafnframt ákvað félagið að senda eftirlitsstofnun EFTA (ESA) formlega beiðni um að taka þetta mál fyrir enda varðar það innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins í íslenskan rétt. Í lok reikningsárs hafði hvorki borist svar frá ráðuneytinu né ESA.

Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar, frh.

7. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður greinist þannig:

	2024-2025	2023-2024
Húsaleiga	7.134.908	6.317.172
Þrif	399.167	263.031
Öryggisgæsla	190.068	180.023
Annar húsnæðiskostnaður	46.048	22.240
	<u>7.770.191</u>	<u>6.782.466</u>

Félagið er leigutaki að skrifstofuhúsnæði að Suðurlandsbraut 6 þar sem starfsemi þess fer fram. Húsaleigusamningurinn var framlengdur um þrjú ár seint á árinu 2023 og lýkur honum án sérstakrar uppsagnar þann 30. nóvember 2026. Í lok rekstrarárs þann 31. ágúst 2025 voru því 15 mánuðir eftir af samningnum. Leiga er greidd fyrirfram, einn mánuð í senn. Leiga fyrir september 2025 nam 578.285 kr. Leiguskuldbinding næstu 15 mánuði frá lokum rekstrarárs nemur því 8.674.275 kr. en þá er ekki tekið tillit til framtíðarverðbólgu en húsaleigusamningurinn er verðtryggður. Félagið beitir reglu reikningsskilaráðs nr. 6 um leigusamninga og færir hvorki nýtingarrétt né leiguskuld í efnahagsreikning. Óvíst er hvort félagið leitar eftir því að endurnýja húsaleigusamninginn og því er leiguskuldbinding eingöngu reiknuð til loka núverandi leigutíma.

8. Kostnaður við ráðstefnur, námskeið og aðalfund

Kostnaður við ráðstefnur, námskeið og aðalfund samanstendur af salarleigu, greiðslu fyrir rauntímastreymi frá viðburðum, veitingum og greiðslum til fyrirlesara. Veruleg lækkun þessa kostnaðarliðar milli ári skýrist af því að félagið hefur fjölgað rafrænum námskeiðum sem það heldur sjálft en fækkað viðburðum þar sem leigja þarf sal og kaupa veitingar. Með þessu hefur náðst umtalsvert kostnaðarhagræði auk þess sem reynsla síðustu ára sýnir að mikill meirihluti félagsmanna kys að sitja námskeið í streymi fremur en að mæta í fyrirlestrarsal.

9. Félagsstarf

	2024-2025	2023-2024
Gleðistund	1.228.165	824.960
Formannaboð	1.326.900	904.742
Kveðjuhóf fyrir fyrirverandi framkvæmdastjóra	0	373.010
Aðrir viðburðir fyrir félagsmenn	1.247.818	413.962
	<u>3.802.883</u>	<u>2.516.674</u>

Félagið hélt fleiri viðburði en árið á undan sem skýrir að hluta til hækkun kostnaðar en verð á aðkeyptri þjónustu, þ.e. salarleigu og veitingakostnaði hækkaði einnig milli ára.

10. Upplýsingamiðlun og markaðsmál

Upplýsingamiðlun og markaðsmál greinast þannig:

	2024-2025	2023-2024
Rekstur upplýsingakerfis, heimasíðu og hugbúnaðarþjónusta	1.770.936	1.620.242
Markaðskostnaður	1.257.000	0
Útgáfustarfsemi	96.007	84.816
	<u>3.123.943</u>	<u>1.705.058</u>

Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar, frh.

10. Upplýsingamiðlun og markaðsmál, frh.

Félagið hefur síðastliðið ár unnið að kynningu á störfum endurskoðenda með það að markmiði að fjölga þeim sem vilja leggja fyrir sig störf í endurskoðun og reikningsskilum, meðal annars með heimsóknum í háskóla en nemendum í meistaranámi í reikningsskilum og endurskoðun hefur farið fækkandi. Markaðskostnaður ársins samanstendur af aðkeyptri vinnu markaðssérfræðings, viðburði fyrir háskólanemendur og styrk til félags kvenna í endurskoðun (FKE) til að standa straum af aðkeyptri þjónustu markaðssérfræðings á vinnustofu sem haldin var á afmælisráðstefnu FKE. Á vinnustofunni var rætt hvernig fjölga megi konum í endurskoðun.

11. Kostnaður við nýja heimasíðu

Á árinu gerði félagið samning við núverandi þjónustuaðila sinn um smíði á nýrri heimasíðu. Stefnt er að því að ný heimasíða verði tilbúin fyrir árslok 2025. Auk þess sem útlit og virkni heimasíðunnar verður betra en á núverandi heimasíðu þá verður sú nýja farsíma- og spjaldtölvuvæn.

12. Erlent samstarf

Kostnaður við erlent samstarf greinist þannig:

	2024-2025	2023-2024
Árgjald evrópska endurskoðunarsambandsins (Accountancy Europe)	3.689.698	3.791.249
Árgjald alþjóða endurskoðunarsambandsins (IFAC)	1.599.484	1.524.466
Norræna endurskoðunarsambandið (NRF)	2.880.696	4.439.600
Ferðakostnaður vegna funda erlendis	459.254	456.733
	<u>8.629.132</u>	<u>10.212.048</u>

13. Viðskiptakröfur

Veruleg hækkun viðskiptakrafna milli ára skýrist af því að félagið hélt að þessu sinni námskeið skömmu fyrir lok reikningsárs og eru tekjur af því óinnheimtar í lok reikningsársins.

14. Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur

Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur samanstendur af kröfum félagsins á hendur systurfélögum sínum í norræna endurskoðunarsambandinu (NRF) vegna tiltekins kostnaðar sem skipt er niður á félögin eftir stærð. Uppgjöri fyrra árs var ekki lokið í lok reikningsskilatímabils sem skýrir hækkun þessa liðar milli ára.

15. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

Eigið fé 1.9.2023	42.121.669
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu 1.9. 2023 - 31.8 2024	(4.277.917)
Eigið fé 31.8.2024	37.843.752
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu 1.9. 2024 - 31.8 2025	(7.825.498)
Eigið fé 31.8.2025	<u>30.018.254</u>

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður
Félags löggiltra endurskoðenda

Ársreikningur starfsárið

1. september 2024 til 31. ágúst 2025

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	3	Efnahagsreikningur	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Skýringar	8
Rekstrarreikningur	6		

Skýrsla stjórnar

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda („sjóðurinn“) var stofnaður á félagsfundi þann 4. júní 2003. Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

Einnig er markmið sjóðsins að veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um endurskoðun og reikningshald, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni Félags löggiltra endurskoðenda („FLE“) eða lögbundið hlutverk þess. Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans.

Engar nýjar umsóknir bárust á rekstrarárinu sem lauk 31. ágúst 2025. Á árinu var lokið við greiðslu styrks til Valdimars Sigurðssonar. Styrkfjárhæðin nam 4,0 millj. kr. Þar af var 1,0 millj. kr. greidd á fyrra reikningsári. Um var að ræða rannsókn þar sem markmiðið var þríþætt; í fyrsta lagi að skoða hvernig laða megi að fólk til endurskoðunarstarfa, hvernig best sé að halda í hæfileikaríkt fagfólk í stéttinni og loks hvernig best sé að kynna störf endurskoðenda fyrir almenningi og stuðla að jákvæðri ímynd starfsins og FLE. Rannsókninni er nú lokið og verða niðurstöður hennar kynntar félagsmönnum á haustráðstefnu félagsins í nóvember 2025. Á árinu voru jafnframt greiddar 500.000 kr. til Hönnu Kristínar Skaftadóttur vegna doktorsnáms hennar í reikningsskilum og endurskoðun. Í árslok nam ógreiddur styrkur til Hönnu Kristínar 500.000 kr. sem verða greiddar við námslok og er það eini ógreiddi styrkur sjóðsins í lok reikningsársins.

Eftirstöðvar af styrk til annars styrkþega voru felldar niður á árinu að höfðu samráði við styrkþega en umfang verkefnis viðkomandi var breytt. Eftirstöðvar af þeim styrk voru 200.000 kr.

Þar eð greiðsla styrkja er háð framvindu rannsókna, það er að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, eru ógreiddir styrkir ekki færðir til gjalda og skuldar í ársreikningi fyrr en viðeigandi árangri hefur verið náð og greiðsluskylda myndast.

Samkvæmt 3. gr. skipulagsskrár námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs skal sjóðurinn vera í vörslu FLE og eignum hans haldið aðgreindum frá eignum félagsins. Jafnframt segir í sömu grein að leitast skuli við að ávaxta fjármuni sjóðsins með tryggum og öruggum hætti.

Reykjavík, 30. október 2025.

Stjórn:

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Arna G. Tryggvadóttir

Jón Sturla Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2024 til 31. ágúst 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á starfsárinu, efnahag hans 31. ágúst 2025 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenta mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Einnig framkvæmi ég eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar.

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er sjöundi ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Grant Thornton
Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi
Reykjavík, 30. október 2025

Rekstrarreikningur 1. september 2024 til 31. ágúst 2025

	Skýr.	2024-2025	2023-2024
Fjáreignatekjur og (-gjöld):			
Matsbreyting verðbréfaeignar		0	(317.568)
Vaxtatekjur af óbundinni bankainnstæðu	3	364.163	198.914
Fjármagnstekjuskattur	3	(80.116)	(43.761)
		<u>284.047</u>	<u>(162.415)</u>
Rekstrargjöld:			
Greiddir styrkir	5	(3.500.000)	(1.000.000)
		<u>(3.500.000)</u>	<u>(1.000.000)</u>
Úthlutað umfram ávöxtun á rekstrarárinu.....	4	(3.215.953)	(1.162.415)

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2025

	Skýr.	31.8.2025	31.8.2024
Eignir			
Veltufjármunir			
Handbært fé	3	4.795.330	8.014.677
Áunnar vaxtatekjur af óbundnum bankareikningi	3	203.266	198.914
		<u>4.998.596</u>	<u>8.213.591</u>
Eignir samtals		<u>4.998.596</u>	<u>8.213.591</u>
Eigið fé			
Stofnframlag FLE		20.000.000	20.000.000
Úthlutað umfram ávöxtun		(15.046.123)	(11.830.170)
	4	<u>4.953.877</u>	<u>8.169.830</u>
Skammtímaskuldir			
Áætlaður áfallinn fjármagnstekjuskattur	3	44.719	43.761
		<u>44.719</u>	<u>43.761</u>
Eigið fé og kuldir samtals		<u>4.998.596</u>	<u>8.213.591</u>
Skuldbindingar utan efnahags	5	500.000	4.200.000

Skýringar

1. Sjóðurinn

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda („sjóðurinn“) var stofnaður á félagsfundi þann 4. júní 2003. Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með styrkveitingum sem og að veita styrki til eflingar rannsókna og sviði reikningshalds. Ítarlegri upplýsingar um tilgang sjóðsins og ráðstöfunarheimildir fjármuna hans er að finna í skýrslu stjórnar í ársreikningnum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Reikningsár sjóðsins er 1. september til 31. ágúst.

3. Handbært fé, vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur

Handbært fé sjóðsins er ávaxtað á óbundnum og óverðtryggðum bankareikningi. Vaxtaviðlagning á sér stað í árslok. Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur frá upphafi árs 2025 til loka reikningsárs 31. ágúst 2025 nemur 44.719 kr. og er færður til gjalda í rekstrarreikningi og sem skammtímaskuld í efnahagsreikningi.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Úthlutað umfram ávöxtun	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.9.2024	20.000.000	(11.830.170)	8.169.830
Úthlutað umfram ávöxtun á rekstrarárinu		(3.215.953)	(3.215.953)
Eigið fé 31.8.2025	<u>20.000.000</u>	<u>(15.046.123)</u>	<u>4.953.877</u>

5. Úthlutun styrkja

Ógreiddir úthlutaðir styrkir nema 500.000 kr. í lok reikningsárs en námu 4.200.000 kr. í lok fyrra reikningsárs. Greiðsla styrkja er háð framvindu rannsókna eða náms, það er að tiltekin samningsbundin skilyrði séu uppfyllt. Þar af leiðandi eru ógreiddir styrkir ekki færðir til gjalda og skuldar í ársreikningi fyrr en viðeigandi árangri hefur verið náð og greiðsluskylda myndast hjá sjóðnum. Úthlutaðir styrkir greinast þannig:

	Heildarfjárhæð styrks	Ógreitt 31.8.2025
Styrkur til Hönnu Kristínar Skaftadóttur	<u>2.000.000</u>	<u>500.000</u>
Samtals	<u>2.000.000</u>	<u>500.000</u>

Styrkur til Hönnu Kristínar Skaftadóttur er vegna doktorsnáms hennar í reikningshaldi og endurskoðun.